

Ársskýrsla
Kvennasögusafns Íslands
2004

Reykjavík, febrúar 2005

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2004

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Emilía Sigmarsdóttir
Sigríður Th. Erlendsdóttir
Stefanía M. Pétursdóttir

Kvennasögusafn Íslands

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík

Sími og símbréf: 525 5779

Netfang: kona@bok.hi.is

Veffang: <http://www.kona.bok.hi.is>

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2004

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Emilía Sigmarsdóttir
Sigríður Th. Erlendsdóttir
Stefanía M. Pétursdóttir

Kvennasögusafn Íslands

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík

Sími og símbréf: 525 5779

Netfang: kona@bok.hi.is

Veffang: <http://www.kona.bok.hi.is>

Fjárstyrkir og stuðningur við verkefni 2004:

Fjárlög, rekstrarstyrkur	2.609.757
Menntamálaráðuneyti, styrkur	500.000
Menntamálaráðuneyti, styrkur v. 2002	600.000
Reykjavíkurborg, styrkur	600.000
Íslandsbanki	150.000

Samtals: 4.459.757

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a.ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemi safnsins; að gera árlega fjárhagsáætlun fyrir safnið vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til safnsins. Stjórnarnefndin hittist að jafnaði mánaðarlega á árinu 2003. Hana skipa:

Emilía Sigmarsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns Sigríður Th.

Erlendsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum

Stefanía María Pétursdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðumanns um mitt ár 2001. Forstöðumaður er eini fasti starfsmaður safnsins. Hrafnhildur Ragnarsdóttir var ráðin tímabundið til þess að vinna að undirbúningi sýningarinnar ‘Íslenskar kvennahreyfingar- innblástur, íhlutun, irringar’ (sjá að neðan, Sýningar).

Almennt um starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði og hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða.

Til safnsins leita einkum nemar og fræðimenn í heimildaleit, en einnig annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá. Í gestabók safnsins rituðu 164 einstaklingar nöfn sín á árinu 2004.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf veittri um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.

- Upplýsingum og ráðgjöf veittri í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðumanns: norrænt samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar, fjáröflun o.fl.

Endurmenntun, ráðstefnur, fundir

Forstöðumaður sótti nokkra fundi hjá Rannsóknastofun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og hjá ýmsum kvennasamtökum.

Forstöðumaður stýrði þeim fjölmörgu fundum sem haldnir voru í undirbúningshóp fyrir norrænu ráðstefnuna ‘Kvinnorörelser-inspiration, intervention, irritation’ sem haldin var í Reykjavík 10.-12. júní (sjá að neðan, Ráðstefna um kvennahreyfingar). Forstöðumaður sótti einnig fund norrænu undirbúningsnefndarinnar sem haldinn var í Osló 15. mars.

Forstöðumaður á sæti í nefnd kvenfélaga sem undirbúa aðgerðir/fundi á árinu 2005 og voru nokkrir fundir haldnir í þeirri nefnd síðari hluta ársins.

Forstöðumaður átti sæti í pallborði málþings Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum: ‘Málþing í samstarfi við Nefnd um efnahagsleg völd kvenna, félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofu’. Málþingið var haldið 30. janúar í Háskóla Íslands.

Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum gengust fyrir opnum fundi í Þjóðarbókhöllu undir yfirskriftinni ‘Kvennafrí 1975-Kvennaverkfall 2005?’ þann 22. október. Stuttar framsögur fluttu Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Tómasdóttir, Gerður Steinþórsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Að þeim loknum urðu fjörugar umræður um framtíðina.

Útgáfu-, sölu- og kynningarmál

Kvennasögusafn gekkst fyrir göngu þann 19. júní ásamt Kvenréttindafélagi Íslands um slóðir kvenna í Kvosinni. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur leiddi gönguna vegna sumarleyfis forstöðumanns.

Forstöðumaður var gestur nokkurra útvarpsþátta á árinu og ræddi þar um kvennabaráttu og jafnréttismál. Í Morgunblaðinu birtust greinar/viðtöl 7. júní vegna norrænu kvennaráðstefnunnar og 2. desember vegna kvöldvökkunnar.

Sýningar

Sýningin ‘Áfram stelpur’, sem Kvennasögusafn Íslands og Borgarskjalasafn Reykjavíkur gengust fyrir á árinu 2003, var lánuð til Safnahúss Borgarfjarðar og opnaði hún þar þann 9. janúar.

Sýningin ‘Íslenskar kvennahreyfingar-innblástur, íhlutun, irringar’ opnaði í Þjóðarbókhöllu þann 11. júní. Var hún sett upp í tilefni af norrænu ráðstefnunni sem haldin var í Reykjavík 10.-12. júní og veglega styrkt af Nordisk kulturfond. Aðrir styrktaraðilar voru Ríkisútvarpið, Morgunblaðið, Íslandsbanki, Landsbókasafn Íslands—Háskólabókasafn, Kvennasögusafn Íslands, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Þjóðminjasafnið. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kvennaskólinn í Reykjavík og frú Vigdís Finnbogadóttir lánuðu muni. Á sýningunni var gefið yfirlit yfir það helsta sem íslensk kvennabarátta er þekkt fyrir, s.s. Kvennafrídaginn 24. október 1975 og kjör Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands 1980 auk helstu staðreynda og baráttumála kvennahreyfingarinnar. Textar voru bæði á íslensku og ensku og sá Keneva Kunz um enska þýðingu. Emilía Sigmarsdóttir bar hita og þunga af uppsetningu sýningarinnar, en forstöðumaður safnaði myndefni og samdi texta. Grafískur hönnuður var Sigríður Bragadóttir. Boðskort var prentað og sent út og sýningarskrá gefin út. Sýningin stóð fram í október og var fjölsótt.

Kvennasögusafn Íslands stóð að gerð sýningar um Hanns Hafstein sem opnuð var í Þjóðarbókhöllu 5. febrúar. Forstöðumaður flutti erindi um Hannes af því tilefni sem bar heitið: ‘Hannes Hafstein og kvennabarátta’. Erindið mun birtast í *Ritmennt* 2004. Um sýninguna var skrifað í tímaritið *Saga* 2004 (haust).

Kvöldvaka

Árleg kvöldvaka Kvennasögusafns Íslands var haldin 2. desember. Henni er ætlað að vekja athygli á safninu og starfsemi þess, en einnig kvennasögurannsóknum og þeim sem þær stunda.

Dagskrá Kvöldvökunnar var að þessu sinni helguð Svövu Jakobsdóttur er lést fyrir á árinu og var svo:

Myndbrjótur í orðhófi. Um sögur Svövu Jakobsdóttur.

Dr. Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur

“Saga handa börnum”

Hjalti Rögnvaldsson leikari las

Vox Feminae kórinn söng

Kynni mín af Svövu.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, flutti frásögu.

Kvöldvökuna sóttu um 60 gestir.

Sérverkefni

Á árinu lagði forstöðumaður sem fyrr áherslu á fræðslustarfsemi safnsins, einkum gegnum veraldarvefinn. Þar hefur forstöðumaður sett upp skrá um allar íslenskar konur sem lokið hafa doktorsprófi. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Önnu Höllu Björgvinsdóttur, starfsmann á þjóðdeild Landsbóksafns Íslands. Einnig er að finna á vefnum nokkra heimildalista úr sögu íslenskra kvenna. Þá hafa nú bæst við þættir úr íslenskri kvennasögu og gögn þeirra kvenfélaga sem Kvennasögusafn Íslands varðveitir gerð aðgengileg á heimasíðu safnsins. Forstöðumaður vinnur hægt en bítandi að því að skrá sögu hinnar svokölluðu Nýju kvannahreyfingar á vefinn og bætti nokkru við á árinu.

Forstöðumaður sendir kennurum á sviði kynjafræða við H.Í. reglulega ljósrit af efnisyfirlitum tímarita á sviði kvennafræða sem Landsbókasafn kaupir og vekur athygli þeirra á rafrænum aðgangi tímarita.

Fyrir tilstilli VESTNORD-verkefnisins í Landsbókasafni Íslands—Háskólabókasafni má nú lesa á veraldarvefnum (<http://www.timarit.is>) *Kvennablaðið* er Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út, blaðið *Framsókn* sem gefið var út á Seyðisfirði og í Reykjavík og blaðið *Forvitin rauð* sem Rauðsokkahreyfingin gaf út.

Ráðstefna um kvannahreyfingar

Stærsta verkefni Kvennasögusafns Íslands á árinu var undirbúningur og þátttaka í ráðstefnunni ‘Kvinnorörelser-inspiration, intervention, irritation’ sem haldin var í húsakynnum H.Í. og Háskólabíói dagana 10.-12. júní, ásamt sýningunni ‘Íslenskar kvannahreyfingar-innblástur, íhlutun, irringar’ (sjá að ofan, Sýningar). Ráðstefnan var haldin og skipulögð af NIKK (Nordisk institutt for kvinne- og kjønnsforskning) en undirbúningur hér á landi var á hendi Kvennasögusafns og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Gestamóttakan sá um skráningu gesta og ýmsan undirbúning. Ráðstefnan og sýningin voru styrkt af Norrænu ráðherranefndinni, Nordisk kulturfond, NIKK, félagsmálaráðuneyti, Háskóla Íslands, menntamálaráðuneyti, Alþingi, Reykjavíkurborg, Landsbókasafni- Háskólabókasafni, Koordinationen for kønsforskning, Kilden og Íslandsbanka.

Ráðstefnan hófst 10. júní með móttöku og skráningu í Ráðhúsi Reykjavíkur sem lagði til veitingar og ráðstefnumöppur. Dr. Dagný Kristjánsdóttir og dr. Solveig Bergman, forstöðumaður NIKK, buðu gesti velkomna og Thomas Alslev Christensen, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, flutti ávarp. Vox feminae söng.

Á ráðstefnunni fluttu eftirtaldar fyrirlestra: Ute Gerhard, prófessor hjá J. W. Goethe-Universität, Þorgerður Einarsdóttir, lektor við Háskóla Íslands og Anh-Dao Tran frá samtökunum W.O.M.E.N. IS. Frú Vigdís Finnbogadóttir ávarpaði gesti og Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra flutti kveðjur ríkisstjórnar Íslands í forföllum félagsmálaráðherra.

Pallborð voru tvö. Í hinu fyrra var rætt um kvennahreyfingar frumbyggja og innflytjenda á nyrstu svæðum Norðurlanda og nánustu nágretta þeirra. Í því sátu: Margarita Jankauskaite frá Lettlandi, Kulsum Mahal frá Finnlandi, May-Lisbeth Myrhaug frá Noregi og Henrietta Rasmussen frá Grænlandi. Umræðum stýrði Valgerður Bjarnadóttir. Í því síðara var rætt um mikilvægi kvennahreyfinga. Í því sátu: Siv Friðleifsdóttir, umhverfismálaráðherra, Jane Korczak, varaforseti Kvindeligt Arbejderforbund í Danmörku, Marianne Laxén, framkvæmdastjóri skrifstofu jafnréttismála í Svíþjóð, Hannele Varsa frá Finnlandi, Gudrun Schyman, þingkona frá Svíþjóð og Berit Ås frá Noregi. Umræðum stýrði Drude Dahlerup.

Starfað var í vinnuhópum um átta málefni: Kvennahreyfingar fyrr og nú, Samþætting og kvennahreyfingar, Karlmennt og femínismi, Rannsóknir, upplýsingar og skráning kvennahreyfinga, Mansal, vændi og ofbeldi í garð kvenna, Fjölmiðlar og kvennahreyfingar, Listir og kvennahreyfingar og Kynferði og rannsóknir.

Ljóðskáldin Vilborg Dagbjartsdóttir og Linda Vilhjálmsdóttir fluttu ljóð í hádegishléum. Finnski rithöfundurinn Märta Tikkanen flutti ljóð á ráðstefnunni.

Ráðstefnunni lauk að kvöldi 12. júní með kvöldverði sem haldinn var í Ingólfsskála. Kvennahljómsveitin Heimilistónar spilaði undir.

Skráðir ráðstefnugestir voru 264, þar af 66 Íslendingar. Skipuleggjendur hlutu mikið lof fyrir vinnu sína.

Á döfinni

Áfram verður unnið að því að miðla upplýsingum um sögu og stöðu íslenskra kvenna, einkum gegnum veraldarvefinn. Byrjað var á því á árinu 2003 að flytja handrit Kvennasögusafns af 4. hæð í trausta geymslu í kjallara Þjóðabókhöfðinu og lauk því verki á árinu 2004.

Kvennasögusafn Íslands mun í samvinnu við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum halda málþing í lok apríl um kosningarétt íslenskra kvenna er verður 90 ára á árinu 2005. Þá mun safnið gangast fyrir dagskrá í september til heiðurs Vilborgu Dagbjartsdóttur, skáldi og

kennara, er verður 70 ára á árinu 2005. Ákveðið hefur verið að kvöldvakan árið 2005 verði helguð frumkvöðlum, þ.á.m. Vigdísi Finnbogadóttur.

Viðamestu verkefni safnsins á árinu 2005 verður annars vegar þátttaka í nefnd kvenfélaga sem skipuleggja viðburði á árinu til þess að vekja athygli á sögu og stöðu íslenskra kvenna, og hins vegar að vinna að gerð minnisvarða um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Það verkefni fól félagsmálaráðherra safninu og er áformað að minnisvarðinn verði afhjúpaður þann 27. september 2007, en þá verða 150 ár liðin frá fæðingu Bríetar.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). Forstöðumaður átti sæti í faglegri undirbúningsnefnd að ráðstefnu um kvennahreyfingar á Norðurlöndunum sem NIKK gekkst fyrir dagana 10.-12. júní árið 2004 í samvinnu við Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement) í Amsterdam. Slóð grunnsins er: <http://www.iiav.nl/mapping-the-world>.

Aðföng 2004

Talsvert magn bæklinga og fréttabréfa berst safninu og er það efni til notkunar í rými safnsins á 4. hæð í Þjóðarbókhöðu. Fjárveiting leyfir ekki bóka- eða tímaritakaup en árlega berast safninu einhver gjafaeintök.

Safnið fær *NIKK Magasin* og *News from NIKK* og einnig berast því endurgjaldslaust tímaritin *Genus* frá Svíþjóð, *Kvast* frá Finnlandi, *Kvinneforskning* og *Bulletin* frá Noregi.

Forstöðumaður leggur árlega fram nokkrar beiðnir um bókakaup til Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns og er þeim beiðnum vel sinnt.

Árið 2004 var eftirfarandi skráð í aðföng Kvennasögusafns Íslands:

I. Handrit:

- 20. september** Afhending gagna Mæðrastyrksnefndar. Þau hafa verið flokkuð og skráð en vegna þess hversu viðkvæm þau geta verið eru þau geymd á Kvennasögusafni.
- 30. september** Frá handritadeild Statsbiblioteket í Árósum í Danmörku barst kassi með póstkortum til Salóme Gísladóttur (f. 1913) er gift var dananum Gorm Erik Hjort.
- 5. nóvember** Kristín Einarsdóttir, fyrrum þingkona Kvennalistsans, færir safninu gögn sín, mikil að vöxtum. Þau hafa verið flokkuð og skráð og má sjá á vefnum með gögnum Kvennaframboðs/Kvennalista.
- 29. nóvember** Þórey Mjallhvít Halldórsdóttir Kolbeins, Sogavegi 170, færir safninu skjöl úr fórum móður sinnar, Láru Ágústu Ólafsdóttur Kolbeins (1898-1973). Hér er um að ræða sendibréf til hennar, handrit að sögum, dagbækur auk annara skjala. Gögnin hafa verið flokkuð og skráð.

II. Annað:

- 1. apríl** Kristín Indriðadóttir við Kennaraháskóla Íslands sendi safninu eitt eintak af ritinu 'Qvinnan bär hemmets trefnad på spetsen af sin synål' eftir Eva Trotzig (HLS Förlag, Stockholm 1992) og annað af 'Sätta flickan i stånd att fullgöra sina husliga plikter' eftir sama höfund (Linköping 1997)
- 15. apríl** Um hendur Emilíu Sigmarsdóttur barst safninu eintak af: 'Könnun á þátttöku kvenna á Egilsstöðum í atvinnulífínu og félagsstörfum – og viðhofum þeirra til jafnréttismála', útg. Af Jafnréttisnefnd Egilsstaðahrepps, nþov. 1983-apríl 1984. Einnig gaf Emilía safninu eintök af Nýju kvennablaði.

30. september Frá handritadeild Statsbiblioteket í Árósum í Danmörku barst brúðarkjöll Salome Gísladóttur (f. 1913), er gift var dananum Gorm Erik Hjort, ásamt bókamerki úr silfri og tveimur skúfhólkum.

8. nóvember Um hendur Sigríðar Th. Erlendsdóttur barst ritgerð Huldu Hrannar Mundudóttur Helgadóttur: 'Ef drottinn byggir ekki húsið, eriða smiðirnir til ónýtis – Æfi og störf Guðrúnar Lárusdóttur'. Ritgerðin er skrifuð við guðfræðideild H.Íl. 1987.

Safninu barst nokkuð af munum tengdum íslenskum kvennahreyfingum í tilefni sýningarinnar sem safnið gekkst fyrir á árinu en of langt mál væri að telja upp hvern einn hlut. Mestmegnis barmmerki, blöð og dreifirit Kvinnalistsans.